

Slys með alvarlegum meiðslum á hjólreiðamönnum

Athugunartímabil 2011-2013

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Skipting tegunda slysa á hjólreiðamönnum sem slösuðust alvarlega í umferðinni 2011-2013.....	2
2011	2
2012.....	2
2013.....	2
2011-2013.....	3
Samantekt	4
Hjól eitt og sér.....	5
2011	5
2012.....	5
2013.....	5
2011-2013.....	7
Niðurstöður.....	7
Árekstur reiðhjóls og bifreiðar	8
2011	8
2012.....	8
2013.....	9
2011-2013.....	9
Niðurstöður.....	10
Staðsetning slysanna.....	15
Tímasetning slysanna	16
Samanburður við sænsk gögn.....	17
Lokaorð	21
Viðauki A	22
Viðauki B	23

Inngangur

Í meðfylgjandi skýrslu eru teknar saman upplýsingar um hjólreiðamenn sem slösuðust alvarlega í umferðarslysum á Íslandi á tímabilinu 2011-2013. Byggt er á grunngögnum sem Vegagerðin hefur fengið frá Samgöngustofu en Samgöngustofa byggir sína slysaskráningu á lögregluskýrslum.¹

Vitað er að um verulega vanskráningu á hjólreiðaslysum er að ræða. Í því sambandi má nefna að Rannsóknarnefnd samgönguslysa hefur undanfarin ár unnið að rannsóknarverkefnum á þessu sviði með styrk frá Rannsóknasjóði Vegagerðarinnar. Í þeim verkefnum hefur verið unnið úr gögnum Landspítala Háskólasjúkrahúss um slasaða hjólreiðamenn sem leituðu til bráðamóttöku. Þegar hafa verið gefnar út skýrslur.²

Hér á eftir er, eins og áður segir, eingöngu byggt á gögnum frá Samgöngustofu, þ.e. lögregluskýrslum.

Skipting tegunda slysa á hjólreiðamönnum sem slösuðust alvarlega í umferðinni 2011-2013

Á tímabilinu 2011-2013 urðu 70 alvarleg slys á hjólreiðamönnum í umferðinni.

2011

Árið 2011 urðu 19 slys þar sem hjólreiðamenn slösuðust alvarlega í umferðinni. Algengast var að hjólreiðamaður slasaðist alvarlega við árekstur við bifreið eða í 10 tilfellum. Næstalgengast var að hjólreiðamaður slasaðist alvarlega þegar engin önnur ökutæki áttu í hlut eða í 8 tilfellum. Eitt tilvik flokkast undir annað, þá varð árekstur á milli hjólreiðamanns og vinnuvélar á hjólreiða- og göngustíg.

2012

Árið 2012 urðu 15 slys þar sem hjólreiðamenn slösuðust alvarlega í umferðinni. Algengast var að hjólreiðamaður slasaðist alvarlega við árekstur við bifreið eða í 9 tilfellum (í einu tilfelli varð árekstur á milli rafmagnsvespu og bifreiðar). Næstalgengast var að hjólreiðamaður slasaðist alvarlega þegar engin önnur ökutæki áttu í hlut eða í 6 tilfellum.


2013

Árið 2013 urðu 36 slys þar sem hjólreiðamenn slösuðust alvarlega í umferðinni. Algengast var að hjólreiðamaður slasaðist alvarlega þegar engin önnur ökutæki áttu í hlut eða í 21 tilfelli. Næstalgengast var að hjólreiðamaður slasaðist alvarlega í árekstri við bifreið eða í 11 tilfellum (í 1 tilfelli varð árekstur rafmagnsvespu og bifreiðar og í 1 tilfelli varð árekstur rafmagnsreiðhjóls og bifreiðar). Í 3 tilfellum slasaðist hjólreiðamaður alvarlega í árekstri við annan hjólreiðamann (í 2 tilfellum varð árekstur á milli rafmagnsvespu og reiðhjóls). Eitt tilvik flokkast undir annað, þá slasaðist hjólreiðamaður alvarlega þegar lyftari bakkaði á hann.

¹ Samgöngustofa fær einnig gögn frá fyrirtækinu Aðstoð og öryggi en það á fyrst og fremst við um þau tilvik þar sem ekki verða slys á fólki.

² Hjólreiðaslys á Íslandi, [http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/Hjolreidaslys_a_Islandi-2/\\$file/Hj%C3%B3lrei%C3%B0aslys_%C3%A1_%C3%8Dslandi-2.pdf](http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/Hjolreidaslys_a_Islandi-2/$file/Hj%C3%B3lrei%C3%B0aslys_%C3%A1_%C3%8Dslandi-2.pdf).


Mynd 1 sýnir skiptingu tegunda slysa þar sem hjólreiðamenn slösuðust alvarlega í umferðinni á árunum 2011, 2012 og 2013.



Mynd 1: Skipting tegunda slysa þar sem alvarleg meiðsli urðu á hjólreiðamönnum í umferðinni á árunum 2011, 2012 og 2013.

2011-2013

Á tímabilinu 2011-2013 urðu 70 umferðarslys þar sem hjólreiðamenn slösuðust alvarlega. Þegar tímabilið er skoðað í heild sinni var algengast að hjólreiðamaður slasaðist alvarlega þegar engin önnur ökutæki áttu í hlut eða í 35 tilfellum. Næstalgengast var að hjólreiðamaður slasaðist alvarlega við árekstur við bifreið eða í 30 tilfellum. Í 3 tilfellum slasaðist hjólreiðamaður alvarlega við árekstur við annan hjólreiðamann. Tvö tilfelli flokkast undir annað. Mynd 2 sýnir skiptingu tegunda slysa þar sem hjólreiðamenn slösuðust alvarlega í umferðinni á tímabilinu 2011-2013.



Mynd 2: Skipting tegunda slysa þar sem alvarleg meiðsli urðu á hjólreiðamönnum í umferðinni á tímabilinu 2011-2013.

Samantekt

Á árunum 2011 og 2012 var algengasta tegund hjólreiðaslyss þar sem hjólreiðamaður hlaut alvarleg meiðsli af við árekstur bifreiðar og reiðhjóls. Næstalgengasta tegundin þessi ár var þegar engin önnur ökutæki áttu í hlut. Gera má ráð fyrir töluverðri vanskráningu á þeim slysum þar sem engin önnur ökutæki eiga í hlut þar sem ekki er þörf á að kalla til lögreglu ef reiðhjólamaður fellur af hjólinu og slasast, eins og kemur fram í áfangaskýrslu Rannsóknarnefndar umferðarslysa *Hjólreiðaslys á Íslandi*³.

Á árinu 2013 urðu töluvert fleiri hjólreiðaslys þar sem hjólreiðamaður hlaut alvarleg meiðsli af heldur en á árunum 2011 og 2012. Hluttur þeirrar tegundar slyss þar sem engin önnur ökutæki eiga í hlut eykst töluvert og er hún algengust á árinu 2013. Hér kann bætt skráning lögreglu á þessari tegund slysa að eiga hlut að máli og einnig auknar hjólreiðar almennt í samfélaginu. Sú tegund slyss þar sem árekstur bifreiðar og reiðhjóls á sér stað, sem var algengust árin 2011 og 2012, á sér nánast jafn oft stað á árunum sem voru til skoðunar, munar mest um 2 tilvik á milli ára.

Í 4 tilfellum af 70 urðu slys þar sem ökumenn rafmagnsvespu hlutu alvarleg meiðsli og í 1 tilfalli varð slys þar sem hjólreiðamaður rafmagnsreiðhjóls hlaut alvarleg meiðsli. Í 3 tilfellum af 70 var hjólreiðamaður undir áhrifum vímuefna er slysið átti sér stað. Í öllum þeim tilfellum missti hjólreiðamaður stjórn á reiðhjólinu við það að fara yfir upphækkun.

³ Hjólreiðaslys á Íslandi, áfangaskýrsla Rannsóknarnefnd umferðarslysa, mars 2013.

Hér á eftir verða algengustu tegundir slysanna, þ.e. þau slys sem falla undir „hjól eitt og sér“ og árekstur reiðhjóls og bifreiðar, greind nánar.

Hjól eitt og sér

2011

Árið 2011 urðu 8 slys með alvarlegum meiðslum þar sem hjólreiðamaður kemur einn við sögu.

- Í 2 tilfellum varð slysið vegna upphækkunar, í báðum tilfellum féll hjólreiðamaðurinn við að hjóla á kantstein.
- Í 2 tilfellum má rekja orsök slyssins til hjólreiðamannsins, í öðru tilfallinu bremsaði hjólreiðamaðurinn ekki nógu tímalega og í hinu tilvikinu ætlaði hjólreiðamaðurinn að lagfæra hlíf á framhjólínu á ferð og missti við það stjórn á hjólinu.
- Í einu tilfalli er hægt að rekja orsök slyssins til götuhönnunarinnar, í því tilfalli varð slysið í brekku.
- Í 2 tilfellum er hægt að rekja orsök slyssins til reksturs og viðhalds vegarins/stígsins, í öðru tilfallinu var lausamöl á gangstétt sem varð til þess að hjólreiðamaður féll af hjólinu og í hinu tilvikinu var hola við hraðahindrun á veginum.
- Í einu tilfalli var vindur helsta orsök slyssins, í því tilfalli missti hjólreiðamaður tök á hjólinu í sterkum vindhviðum og féll.

2012

Árið 2012 urðu 6 slys með alvarlegum meiðslum þar sem hjólreiðamaður kemur einn við sögu.

- Í 3 tilfellum varð slysið vegna upphækkunar, hjólreiðamaður féll við að hjóla á kantstein í öllum tilvikum (í 2 tilvikum var hjólreiðamaðurinn undir áhrifum vímuefna).
- Í 1 tilfalli er hægt að rekja orsök slyssins til götuhönnunarinnar, í því tilfalli hjólaði hjólreiðamaður á steiptan stólpa sem var á miðjum göngu- og hjólreiðastíg.
- Í 2 tilfellum má rekja orsök slyssins til reksturs og viðhalds vegarins/stígsins, í öðru tilfallinu rann hjólreiðamaðurinn í mól og í hinu tilvikinu féll hjólreiðamaðurinn af hjólinu vegna hálfu.

2013


Árið 2013 varð 21 slys með alvarlegum meiðslum þar sem hjólreiðamaður kemur einn við sögu.

- Í 3 tilfellum varð slysið vegna upphækkunar, í 2 tilfellum féll hjólreiðamaður við að hjóla á kantstein (í einu tilfalli var um rafmagnsreiðhjól að ræða), í einu tilfalli féll hjólreiðamaður við að fara yfir hraðahindrun (hjólreiðamaður var undir áhrifum vímuefna).
- Í 6 tilfellum má rekja orsök slyssins til hjólreiðamannsins, í 1 tilfalli truflaðist hjólreiðamaðurinn vegna geitungs, í 1 tilfalli truflaðist hjólreiðamaðurinn vegna

hunds, í þrem tilfellum er orsökinn óljós (í einu tilfelli var um rafmagnsvespu að ræða) og í einu tilfelli hjólaði hjólreiðamaðurinn niður grasbrekku við gangstíg.

- Í 3 tilfellum má rekja orsök slyssins til hjólreiðabúnaðarins, í tveim tilfellum voru bremsur í ólagi og í einu tilfelli var stýrið í ólagi.
- Í 2 tilfellum er hægt að rekja orsök slyssins til götuhönnunarinnar, í einu tilfelli féll hjólreiðamaðurinn í brekku og í einu tilfelli var steini komið fyrir á miðju hjólahringtorgi til skrauts sem varð til þess að hjólreiðamaður slasaðist er hann hjólaði í dimmu eftir stígnum og hafnaði á steininum.
- Í 2 tilfellum má rekja orsök slyssins til reksturs og viðhalds götunnar/stígsins, í öðru tilfallinu var hjólað á stein sem varð til þess að hjólreiðamaðurinn féll og í hinu tilfallinu var eitthvað ójafnt á götunni sem varð til þess að hjólreiðamaður féll.
- Í einu tilfelli varð mikill vindur til þess að hjólreiðamaður féll af hjólinu og slasaðist.
- Í 4 tilfellum má rekja orsök slyssins til þess að bifreið truflaði hjólreiðamann, í tveimur tilfellum var bíl ekið inn á gatnamót og við það brá hjólreiðamanni þannig að hann snögghemlaði og féll af hjólinu, í einu tilfelli var bifreið ekið á mikilli ferð að gönguljósum þar sem hjólreiðamaður fór yfir á grænu ljósi og brá við það og snarhemlaði og féll fram á stöng hjólsins, í einu tilfelli hjólaði hjólreiðamaður eftir bifreið á götu sem snögghemlaði og hjólreiðamaðurinn beygði út í kant og féll fram fyrir sig.

Mynd 3 sýnir skiptingu helstu orsaka slysa þegar hjólreiðamenn hlutu alvarleg meiðsli og engin önnur ökutæki áttu í hlut í umferðinni á árunum 2011, 2012 og 2013.




Mynd 3: Skipting orsaka slysa þegar hjólreiðamenn hljóta alvarleg meiðsli af og eiga einir í hlut á árunum 2011, 2012 og 2013.

2011-2013

Í 36 af 70 slysum þar sem hjólreiðamenn slösuðust alvarlega í umferðinni á tímabilinu 2011-2013 áttu engin önnur ökutæki beinan hlut að máli. Algengast var að orsök slyssins mætti rekja til hjólreiðamannsins sjálfs og til upphækkunar á vegi. Næstalgengast var að orsök slyssins mætti rekja til reksturs og viðhalds vegarins. Einnig voru tilfelli um að orsökina mætti rekja til götuhönnunarinnar, truflunar vegna bifreiða, reiðhjólábúnaðarins og vindhviða. Í 3 tilfellum var hjólreiðamaðurinn undir áhrifum vímuefna. Í 4 tilfellum var um rafmagnsvespu að ræða og í einu tilfelli rafmagnsreiðhjól.

Mynd 4 sýnir skiptingu orsaka slysa þar sem hjólreiðamenn slösuðust alvarlega og engin önnur ökutæki áttu í hlut.




Mynd 4: Skipting orsaka slysa þar sem hjólreiðamenn slösuðust alvarlega og engin önnur ökutæki áttu í hlut á tímabilinu 2011-2013.

Niðurstöður

Á heildina litið er algengast að rekja megi helstu orsök slysa þar sem hjólreiðamenn slösuðust alvarlega og engin önnur ökutæki áttu í hlut til mistaka hjólreiðamannsins og upphækkunar á vegi.

Slysin þar sem rekja má helstu orsök slyssins til hjólreiðamannsins eru margs konar. Þegar slysin þar sem helsta orsök er upphækkun á vegi eru skoðuð nánar kemur í ljós að algengast er að hjólreiðamaður falli af hjóli sínu vegna kantsteins, eða í 7 tilfellum af 8. Mynd 5 sýnir skiptingu tegunda upphækkunar sem hafa orsakað slys á hjólreiðamönnum og þeir hlotið alvarleg meiðsli af á tímabilinu 2011-2013.



Mynd 5: Skipting tegunda upphækkunar sem er ein af algengustu orsökum slyss þar sem hjólreiðamenn hljóta alvarleg meiðsli af og engin önnur ökutæki eiga í hlut.

Í einu tilviki féll hjólreiðamaður við að hjóla þvert á kantstein, í tveimur tilfellum sveigði hjólreiðamaðurinn frá götu og á kantstein, í tveimur tilfellum tók hjólreiðamaðurinn of seint eftir kantsteini og í tveimur tilfellum féll hjólreiðamaður af hjóli sínu við að hjóla fram af kantsteini.

Árekstur reiðhjóls og bifreiðar

2011

Árið 2011 urðu 10 slys þar sem hjólreiðamaður slasaðist alvarlega í árekstri við bifreið. Í einu tilfalli voru bremsur á reiðhjólinu í ólagi sem varð til þess að reiðhjólamaðurinn hafnaði á bifreið. Í einu tilfalli hjólaði barn niður brekku og út á bílastæði og varð fyrir bíl. Eitt tilvik átti sér stað við sölulúgu á sjoppu þar sem ökumaður bifreiðar ók fyrir horn sjoppunnar og handan við hornið kom reiðhjólamaður og rákust þeir saman. Í sjö tilfellum átti slysið sér stað við gatnamót eða tengingu.

2012


Árið 2012 urðu 9 slys þar sem hjólreiðamaður slasaðist alvarlega í árekstri við bifreið. Í einu tilfalli voru bremsur á reiðhjólinu í ólagi sem varð til þess að hjólreiðamaðurinn hafnaði á bifreið. Eitt tilfalli flokkast undir annað en þá skullu reiðhjólamaður og ökumaður bifreiðar saman er þeir óku á móti hvor öðrum. Í einu tilfalli var ekið á hjólandi vegfaranda á gangbraut sem var ekki við gatnamót, í því tilfalli hjólaði reiðhjólamaður eftir gangstétt meðfram götu

og beygði skyndilega út á gangbraut sem þveraði götuna og varð fyrir bifreið sem ók úr sömu átt. Í sex tilfellum átti slysið sér stað við gatnamót eða tengingu.

2013

Árið 2013 urðu 11 slys þar sem hjólreiðamaður slasaðist alvarlega í árekstri við bifreið. Í einu tilviki er hægt að rekja orsök slyssins til reiðhjólamannsins, þá hjólaði hjólreiðamaður aftan á kyrrstæða bifreið. Eitt tilvik flokkast undir annað, í því tilviki voru framkvæmdir á slysstað sem mögulega höfðu áhrif á að ekið var á hjólreiðamanninn. Tvö tilvik urðu við gönguljós eða gangbraut sem var ekki staðsett við gatnamót, í öðru tilvikinu hjólaði barn yfir götuna gegn rauðu gönguljósi og í hinu tilvikinu hjólaði barn yfir gangbraut sem þveraði götu í framhaldi af hjólastíg. Í 7 tilfellum átti slysið sér stað við gatnamót eða tengingu.

Mynd 6 sýnir nánari greiningu á slysum þegar hjólreiðamenn slösuðust alvarlega í árekstri við bifreið í umferðinni á árunum 2011, 2012 og 2013.




Mynd 6: Nánari greining á árekstri reiðhjóls og bifreiðar þegar hjólreiðamenn slasast alvarlega á árunum 2011, 2012 og 2013.

2011-2013

Á tímabilinu 2011-2013 urðu 30 slys þar sem hjólreiðamaður slasaðist alvarlega í árekstri við bifreið. Langalgengast var að slysin yrðu við gatnamót eða tengingar, eða í 67% tilvika.

Mynd 7 sýnir nánari greiningu á slysum þegar hjólreiðamenn slösuðust alvarlega í árekstri við bifreið í umferðinni á tímabilinu 2011-2013.



Mynd 7: Nánari greining á árekstri reiðhjóls og bifreiðar þegar hjólreiðamenn slasast alvarlega á tímabilinu 2011-2013.


Niðurstöður

Öll árin eiga það sameiginlegt að algengast var að árekstur reiðhjóls og bifreiðar yrði við gatnamót eða tengingu. Við nánari skoðun á þessum slysum kom í ljós að algengast var að slysin ættu sér stað þegar bifreið beygði til hægri eða vinstri við gatnamót. Í þremur tilfellum er um annað að ræða en beygju ökumanns bifreiðar um gatnamót og í tveimur tilfellum kemur ekki fram í hvora áttina ökumaður bifreiðar hugðist beygja við gatnamótin. Í einu tilfelli ók ökumaður bifreiðar beint yfir gatnamótin, þ.e. hann var ekki að beygja. Í þremur tilfellum af þessum 20 blindaði sólin ökumann bifreiðarinnar og í þremur tilfellum skerti gróður vegsýn. Í fjórum tilfellum voru gatnamótin ljósastýrð og logaði grænt ljós hjá báðum aðilum í þremur tilvikum af þeim en í einu tilviki var bifreið ekið gegn rauðu ljósi. Í einu tilfelli varð slysið á gangbraut við hringtorg og í einu tilfelli á gangbraut við gatnamót.


Eftirfarandi er nánari greining á slysunum þar sem atburðarásinni er lýst og skýringarmynd sett fram við flest tilvik. Á myndunum táknar græn ör hjólreiðamann og blá ör bifreið.

Vinstri beygja


- Ökumaður ók bifreið eftir götu í austurátt og beygði til vinstri við gatnamót í veg fyrir hjólreiðamann sem hjólaði suður eftir göngustíg vestan megin við götuna. Hjólreiðamaðurinn var á talsverðri ferð.




- Bifreið var ekið suður eftir götu og beygt til vinstri í austurátt í veg fyrir reiðhjólmann sem hjólaði norður götuna, austan megin, á hjólastíg. Hjólreiðamaðurinn var ekki á mikilli ferð og ökumaður bifreiðarinnar staðnæmdist við gatnamótin og tók svo af stað en þá var orðið of seint fyrir reiðhjólmanninn að bregðast við.




- Bifreið var ekið austur götu og beygt til vinstri inn á bifreiðastæði í veg fyrir hjólreiðamann sem hjólaði vestur götuna. Ökumaður bifreiðarinnar gaf ekki stefnuljós, hjólreiðamaðurinn var með ljósabúnað en dimmt var úti og götulýsing léleg.




- Bifreið var ekið austur götu og beygt til vinstri við gatnamótin og svo strax aftur til vinstri vestur sömu götu og bifreiðin kom úr (U-beygja) í veg fyrir hjólreiðamann sem hjólaði í norðurátt yfir gangbraut sem þveraði götuna sem lá í vestur – austur, vestan megin við götuna sem lá í suður – norður.




- Ökumaður bifreiðar ók götu í austur og beygði til vinstri í norður gegn grænu umferðarljósi en í veg fyrir hjólreiðamann sem hjólaði eftir stíg (norðan megin við götuna) í austurátt og þveraði götu gegn grænu gönguljósi.



- Ökumaður bifreiðar ók götu í austurátt og hugðist beygja til vinstri í norðurátt. Hjólreiðamaður hjólaði norður eftir gangstétt sem lá vestan megin við gatnamótin og hafnaði á bifreiðinni. Báðir aðilar halda því fram að grænt ljós hafi logað gegn þeim. Skert vegsýn er á horninu þar sem áreksturinn varð vegna hárra runna.




- Ökumaður bifreiðar ók götu til vesturs og hugðist beygja til vinstri, til suðurs, á gatnamótunum en tók ekki eftir hjólreiðamanni sem hjólaði í norðurátt um gatnamótin. Hjólreiðamaðurinn var á miðri akrein og var á allmikilli ferð. Mikil sól skein sem hafði áhrif á að ökumaðurinn sá ekki hjólreiðamanninn.




Hægri beygja


- Ökumaður bifreiðar ók vestur götu og beygði til hægri við gatnamót gegn grænu umferðarljósi og í veg fyrir hjólreiðamann sem hjólaði austur eftir hjólastíg og þveraði götuna gegn grænu gönguljósi. Hjólreiðamaðurinn var í skærgulu vesti og á nokkurri ferð. Hvorugur gerði sér grein fyrir hvort öðrum fyrr en of seint til að bregðast við.




- Bifreið var ekið eftir bifreiðastæði og hugðist ökumaður beygja til hægri, í austur. Reiðhjólamaður hjólaði vestur eftir stíg og hafnaði á bifreiðinni. Sól var lágt á lofti úr austri sem hefur líklega valdið því að hjólreiðamaðurinn sást illa. Báðir aliðar voru á lítilli ferð og hjólreiðamaðurinn taldi víst að ökumaðurinn hefði séð til hans og ætlað að veita honum forgang þar sem hann ók bifreiðinni hægt og stoppaði um stund við gatnamótin.




- Bifreið var ekið eftir götu í vesturátt og beygði ökumaður síðan til hægri, í norðurátt, í veg fyrir reiðhjólmann sem hjólaði í hægri vegkanti norður götuna. Við gatnamótin var bifreiðin stöðvuð og var svo ekið aftur af stað til hægri í veg fyrir hjólreiðamanninn sem hélt að ökumaður bifreiðarinnar hefði séð til sín og verið að stoppa til að veita sér forgang og hélt því ferð sinni óhikað áfram yfir götuna.




- Vörubifreið ók götu til vesturs og beygði til hægri inn að athafnarsvæði (innakstur við þessa tengingu var bannaður en hefð var fyrir því að vörubifreiðar notuðu þessa tengingu) í veg fyrir hjólreiðamann sem hjólaði í sömu átt, samhliða vörubifreiðinni, eftir stíg norðan megin við götuna. Ökumaður vörubifreiðarinnar tók ekki eftir hjólreiðamanninum.



- Bifreið var ekið norður götu að gatnamótum með fyrirhugaða akstur stefnu til hægri, í austurátt. Bifreiðin var stopp við gatnamótin þegar vespa skall á hlið hennar. Ökumaður vespunnar náði ekki að stöðva í tæka tíð og skall því á bílinn.




- Ökumaður ók úr hringtorgi til hægri, í austurátt, og lenti um leið á hjólreiðamanni sem hjólaði yfir gangbraut í suðurátt.
- Ökumaður ók bifreið vestur götu og hugðist beygja til hægri, norður, við gatnamót en tók ekki eftir reiðhjólamanni sem hjólaði eftir hjólastíg suður eftir götunni austanmegin við gatnamótin og úr varð árekstur. Reiðhjólið var rafmagnsknúið og var á all mikilli ferð.




Kemur ekki fram í hvora átt er verið að beygja

- Bifreið ók eftir götu í austurátt og hugðist beygja við gatnamót sem voru framundan. Hjólreiðamaður hjólaði eftir stíg í norðurátt vestanmegin við götuna og hafnaði á hlið bifreiðarinnar. Ökumaður bifreiðarinnar tók ekki eftir hjólreiðamanninum og hjólreiðamaðurinn náði ekki að stöðva í tæka tíð.




- Bifreið var ekið norður götu að gatnamótum. Ökumaður bifreiðar stöðvaði við biðskyldu en hélt rólega áfram norður til að auka vegsýn til hægri. Reiðhjólamaður hjólaði eftir stíg í vesturátt og skall á hægri hlið bifreiðarinnar. Reiðhjólamaðurinn var að tala í síma og sýn ökumannsins til hægri var mjög skert vegna trjágróðurs.



Aðrar tengingar

- Ökumaður ók bifreið eftir götu í vesturátt og frá innkeyrslu að húsi við götuna kom hjólreiðamaður og varð fyrir bílnum. Ökumaður var ekki með augun á veginum og ók of hratt miðað við aðstæður.




- Bifreið var bakkað úr stæði og lenti í árekstri við reiðhjól sem var ekið austur götu og beygt við gatnamót til vinstri, norður, gatnamótin. Ökumaður bifreiðarinnar tók ekki eftir hjólreiðamanninum sem var á nokkurri ferð ásamt því að gróður skerti vegsýn.

- Bifreið var lagt í stæði samsíða vegi sem lá í vestur-austur. Ökumaður bifreiðarinnar tók af stað úr stæðinu með því að beygja strax til vinstri inn á bílastæði sem var handan við götuna. Hjólreiðamaður hjólaði götuna í austurátt í hægri vegkanti og varð fyrir bifreiðinni. Ökumaður bifreiðarinnar gaf stefnuljós og leit í hliðarspegil en sá ekki til hjólreiðamannsins.

Ekið beint áfram yfir gatnamót

- Ökumaður bifreiðar ók austur götu og beint áfram yfir gatnamót í veg fyrir hjólreiðamann sem hjólaði norður yfir gatnamótin. Ökumaður bifreiðarinnar ók gegn rauðu ljósi. Sólin blindaði ökumanninn sem sá ekki stöðu umferðarljóss og tók ekki eftir hjólreiðamanninum fyrir en hann hafði ekið á hann.

Mynd 8 sýnir nánari greiningu á slysum sem urðu við gatnamót eða tengingar þegar ekið var á hjólreiðamann og hann slasaðist alvarlega.



Mynd 8: Nánari greining á slysum sem urðu við gatnamót eða tengingu þegar ekið var á hjólreiðamann og hann slasaðist alvarlega á tímabilinu 2011-2013.

Í viðauka A er yfirlitskort yfir staðsetningu slysa sem urðu við gatnamót eða tengingar á höfuðborgarsvæðinu þegar ekið var á hjólreiðamann og hann slasaðist alvarlega á tímabilinu 2011-2013.

Til umhugsunar


Við nánari greiningu á slysum á hjólreiðamönnum við gatnamót eða tengingu virðist vera nokkuð algengt að ökumenn bifreiða verði ekki varir við hjólreiðamenn. Ökumenn bifreiða þurfa því að vera meira meðvitaðir um umferð sem fer um stíga og gangstéttir. Í þónokkrum

tilfellum var ákveðinn misskilningur á milli þessara vegfarendahópa sem fólst í því að bifreið hægði vel á för sinni við gatnamót sem varð til þess að hjólreiðamaðurinn taldi að ökumaður bifreiðarinnar væri að veita sér forgang og hélt því óhikað áfram yfir götuna en ökumaður bifreiðarinnar var með hugann við umferð sem fór um götuna en ekki stígana og sá því ekki til hjólreiðamannsins þegar lagt var af stað út á gatnamótin.

Í sumum tilvikum eiga hjólreiðamenn það til að öðlast ákveðið öryggi þegar stígar þvera götur og fara yfir á mikilli ferð. Erfitt getur verið fyrir ökumenn bifreiða að bregðast við slíkum aðstæðum ef þeir sjá ekki til hjólreiðamannsins. Hjólreiðamenn þurfa að hægja á för sinni við slíkar aðstæður til þess að vera sýnilegri fyrir ökumenn bifreiða. Hraði hjólreiðamanna um tengingar og gatnamót ásamt skertri vegsýn vegna gróðurs virðist gera ökumönnum bifreiða erfitt að átta sig á umferð þeirra um gatnamót.


Staðsetning slyssanna

Mynd 9 sýnir yfirlitskort yfir slysin á hjólreiðamönnum þar sem þeir slösuðust alvarlega í umferðinni á tímabilinu 2011-2013. Langflest slyssanna urðu á höfuðborgarsvæðinu eins og við mátti búast.



Mynd 9: Yfirlitskort sem sýnir hjólreiðaslys þar sem hjólreiðamenn hlutu alvarleg meiðsli á tímabilinu 2011-2013.


Mynd 10 sýnir kort af slysunum á höfuðborgarsvæðinu. Af mynd 10 má sjá að slysin virðast dreifast nokkuð jafnt yfir höfuðborgarsvæðið og ekki er greinilegur munur á fjölda slysa í úthverfum annars vegar og á miðsvæðinu hins vegar. Í viðauka B er yfirlitskort af höfuðborgarsvæðinu sem sýnir skiptingu tegunda slysa þar sem alvarleg meiðsli urðu á hjólreiðamönnum í umferðinni á tímabilinu 2011-2013.



Mynd 10: Yfirlitskort af höfuðborgarsvæðinu þar sem slys hafa orðið á hjólreiðamönnum og þeir hlotið alvarleg meiðsli af á tímabilinu 2011-2013.

Tímasetning slysanna

Mynd 11 sýnir skiptingu fjölda slysa á tímabilinu sem var til skoðunar eftir mánuðum. Á henni sést glögglega að flest slysin urðu í júlí og september. Ekki eru fyrirliggjandi áreiðanleagar upplýsingar um umfang hjólreiða og dreifingu þeirra yfir árið en verið er að vinna að tveimur rannsóknarverkefnum sem Rannsóknasjóður Vegagerðarinnar styrkir á þessu sviði. Þar er annars vegar um að ræða rannsóknarverkefnið *Dreifilíkan fyrir hjólandi umferð* og hins vegar verkefnið *Ferðavenjur hjólreiðamanna á höfuðborgarsvæðinu*.





Mynd 11: Skipting fjölda slysa þar sem hjólreiðamenn slösuðust alvarlega í umferðinni á tímabilinu 2011-2013 eftir mánuðum.


Samanburður við sænsk gögn

Á ráðstefnu sem sú nefnd Norræna vegasambandsins sem fjallar um umferðaröryggismál hélt hér á landi dagana 4. – 5. júní 2014 flutti Johan Lindberg frá sænsku vegagerðinni erindi um öryggi hjólreiðamanna. Hann notaði ákveðna aðferð til að greina gögnin og voru íslensku slysgögnin greind á svipaðan hátt.

Slys þar sem hjólreiðamenn slösuðust alvarlega 2011-2013








Samanburður á skiptingu slysa með alvarlega slösuðum hjólreiðamönnum á Íslandi (2011-2013) og í Svíþjóð (2007-2012)


Lokaorð

Hér að framan hefur sjónum verið beint að alvarlegum slysum á hjólreiðamönnum. Aukin áhersla hefur verið lögð á vistvænar samgöngur undanfarin misseri. Óvarðir vegfarendur, þ.e. þeir sem ferðast á hjóli eða ganga, ferðast á þann máta sem flokkast undir vistvænar samgöngur. Krafa um aukinn hlut vistvænna ferðamáta í samfélaginu hefur m.a. skilað sér í auknum hjólreiðum sem gefur fulla ástæðu til þess að fylgjast sérstaklega með þróun fjölda slysa þar sem óvarðir vegfarendur koma við sögu í þeim tilgangi að finna öryggisáðgerðir sem líklegar eru til að fækka slysum.

Viðauki A



Mynd A: Yfirlitskort af höfuðborgarsvæðinu sem sýnir staðsetningu slysa sem urðu við gatnamót eða tengingu þar sem alvarleg meiðslí urðu á hjólreiðamönnum í umferðinni á tímabilinu 2011-2013.

Viðauki B

Mynd B: Yfirlitskort af höfuðborgarsvæðinu sem sýnir staðsetningu og tegund slysa þar sem alvarleg meiðsli urðu á hjólreiðamönnum í umferðinni á tímabilinu 2011-2013.